



## 61. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 19. mars 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Axel Grettisson, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Hermann Ingi Gunnarsson boðaði forföll.

### 1. Drög að uppgjöri ársins 2023 og fjárhagsáætlun 2024

Rætt um tillögu til ársþings um breytingar á framlögum sveitarfélaganna á þessu ári sem felur í sér lækkun framlaga þeirra til SSNE í ljósi sterkrar eiginfjárstöðu samtakanna. Að tillögu formanns var umræðu um drög að uppgjöri ársins 2023 og fjárhagsáætlun 2024 frestað til næsta stjórnarfundar þar sem gögn lágu ekki fyrir frá endurskoðanda. Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri mætti til fundarins undir þessum lið.

*Stjórn samþykkir að tillagan verði lögð fram fyrir hönd stjórnar á ársþingi SSNE í apríl.*

### 2. Ársþing 2024

Lögð fram drög að dagskrá ársþings SSNE sem haldið verður 18.-19. apríl 2024 á Sel - Hótel Mývatn í Þingeyjarsveit.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að dagskrá þingsins í samræmi við umræður á fundinum og að senda hana út til þingfulltrúa.*

### 3. Aðalfundur Þekkingavarða

Boðað hefur verið til aðalfundar Þekkingavarða mánudaginn 25. mars n.k. þar sem kosið verður í stjórn félagsins.

*Stjórn SSNE leggur til að Elva Gunnlaugsdóttir verði áfram fulltrúi SSNE í stjórn Þekkingarvarða og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir varamaður hennar.*

### 4. Samningur við Ferðamálastofu um rekstur Áfangastaðastofu Norðurlands

Lögð fram til samþykktar drög að samningi Ferðamálastofu við SSNE og SSVN um rekstur Áfangastaðastofu Norðurlands.

*Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að undirrita þau fyrir hönd SSNE.*

## 5. Uppfærður stofnsamningur EIMS

Lögð fram drög að uppfærðum stofnsamningi EIMS. Samkvæmt samningnum er lagt til að framlag SSNE til EIMS verði 7,5 m.kr. á þessu ári, og 10 m.kr. árin 2025 og 2026. Framlagið verður þó með fyrirvara um áframhaldandi fjármögnun Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

*Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að undirrita þau fyrir hönd SSNE.*

**www.**

## 6. Mál til umsagnar

- a. [Frumvarp til laga um loftslagsmál \(aukinn metnaður og gagnsæi\), 21. mál.](#)
- b. [Endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd.](#)
- c. [Drög að borgarstefnu á Samráðsgátt Stjórnvalda.](#)  
*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda á stjórn til samþykktar í tölvupósti.*
- d. [Hvítbók um sjálfbært Ísland á Samráðsgátt Stjórnvalda.](#)

## 7. Mál til kynningar

- a. [Fundargerð 942. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- b. [Fundargerð 943. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- c. [Fundargerð 944. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- d. [Fundargerð 945. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- e. [Fundargerð 94. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.](#)
- f. [Minnisblað URN um áform ráðuneytisins um að styðja sérstaklega umhverfistengd verkefni landshlutasamtaka 2024.](#)  
*Stjórn SSNE fagnar þessum áformum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og telur að þarna sé stigið mikilvægt skref í áttina að eflingu Sóknaráætlana landshlutanna.*

## 8. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.  
*Framkvæmdastjóri greindi frá helstu atriðum úr starfsemi samtakanna frá síðasta stjórnarfundum.*

*Fundi slitið kl. 14:36.*